

vináttusambandi hinna stefndu, að stefnandi geti alls ekki orðið þeirra aðnjótandi gegn mótmælum stefnds, Björns Guðmundssonar.

Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að kaupgæringurinn frá 30. maí 1947 brjóti ekki í bága við ákvæði laga um kauprétt, nr. 40/1948, 2. gr., samanber áður 2. gr. 1. nr. 55/1926, og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir málavöxtum, að málskostnaður falli niður, en talsmanni stefnanda ber að greiða úr ríkissjóði málflutningslaun, þar á meðal dagpeninga og ferðakostnað, sem hæfilega má telja ákveðin kr. 2.500,00.

Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna anna við embættið.

D ó m s o r ð :

Stefndir, Björn Guðmundsson og Helgi Erlendsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, hreppsnefndar Rangárvallahrepps, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 2.500,00, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 26. janúar 1954.

Nr. 47/1953. **Elín Jónsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Arnari Jónssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Lögtaksmál. Synjað um innheimtulaun af meðlagseyri.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1953. Krefst hún þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir hann að framkvæma lögtak fyrir kr. 153,00. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Áfrýjun máls þessa var algerlega ófyrirsynju, og stofnaði málflutningsmaður áfrýjanda hagsmunum umbjóðanda síns í hættu með henni. Þrátt fyrir þetta og þar sem stefndi hefur ekki neytt heimildar 182. gr. laga nr. 85/1936 til að krefja málflutningsmann áfrýjanda persónulega um málskostnað, verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í Hæstarétti, kr. 800,00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Elín Jónsson, greiði stefnda, Arnari Jónssyni, kr. 800,00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 31. marz 1953.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 24. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Elín Jónsson, krafizt þess, að gert verði lögtak hjá Arnari Jónssyni, Hagamel 22 hér í bæ, til tryggingar skuld, samtals að fjárhæð kr. 959,72, innheimtulaunum samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. svo og málskostnaði að skaðlausu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar.

Aðiljar máls þessa fengu leyfi til skilnaðar að borði og sæng 9. október 1951 með þeim skilmálum m. a., að maðurinn greiddi konunni kr. 500,00 á mánuði í meðlag með barni þeirra til fullnaðs 16 ára aldurs og með henni sjálfri kr. 500,00 á mánuði, meðan skilnaður að borði og sæng stæði. Leyfisbréf til algers skilnaðar þeirra var gefið út 27. október 1952, og var í því ákveðin sama meðlagsgreiðsla með barninu og áður, en meðlag með konunni sjálfri féll niður.

Aðiljum kemur saman um, að gerðarþoli hafi innt greiðslur þessar af höndum með beztu skilum í skrifstofu umboðsmanns gerðarbeiðanda fyrsta eða fyrstu daga hvers mánaðar allt frá upphafi og þar til í október sl., en þá kveðst gerðarþoli hafa falið nafngreindum lögfræðingi hér í bæ að annast greiðslu fyrir sig og segist hafa afhent honum peninga í því skyni í tæka tíð. Síðar í mánuðinum

kveðst gerðarþoli, er hann komst að raun um, að lögfræðingurinn hafði látið undan fallast að inna umrædda greiðslu af höndum, hafa farið í skrifstofu umboðsmanns gerðarbeiðanda og boðizt til að greiða meðlagið, en viðtöku þess hafi verið synjað nema því aðeins, að hann greiddi innheimtulaun.

Hinn 29. október sl. afhenti gerðarþoli til flutnings í pósthúsinu hér í bæ póstávisun, að fjárhæð kr. 500,00, til greiðslu á október-meðlaginu, og hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda viðurkennt að hafa fengið þá upphæð í hendur 31. s. m. Þessari greiðsluaðferð hélt hann síðan áfram og sendi umboðsmanni gerðarbeiðanda kr. 1.000,00 í póstávisun 3. des. 1952 og loks kr. 500,00 til greiðslu á meðlagi fyrir janúar sl. á sama hátt 31. s. m., en þá ávisun fékk hann endursenda.

Hinn 7. jan. sl. sneri umboðsmaður gerðarbeiðanda sér til fógeta og fékk kveðinn upp lögtaksúrskurð fyrir meðlagi fyrir janúar 1953, kr. 500,00, og eftirstöðvum meðlags fyrir mánuðina október—desember 1952 incl., kr. 527,11. Í lögtaksbeiðni óskar hann þó ekki lögtaks nema fyrir kr. 433,36 að viðbættu janúarmeðlaginu, auk kostnaðar af birtingu lögtaksúrskurðarins, og virðist því hafa í upphafi ofreiknað kröfu sína sem þessum mismun nemur. Þrátt fyrir orðalag nefnds úrskurðar kemur það fram í skjölum málsins, enda viðurkennt við munnlegan flutning þess, að síðastnefnd upphæð er ekki eftirstöðvar meðlags, heldur sumpart innheimtulaun til umboðsmanns gerðarbeiðanda, eða kr. 375,00, og sumpart útlagður kostnaður vegna lögtaksúrskurða, sem umboðsmaðurinn fékk upp kveðna og lét birta gerðarþola 24. október og 11. desember sl., eða kr. 58,36.

Undir rekstri málsins hinn 27. febr. sl. bauð gerðarþoli fram að nýju greiðslu þá, er hann hafði áður reynt að koma til skila í póstávisuninni 31. des. sl., og lýsti þá jafnframt yfir því, þegar umboðsmaður gerðarbeiðanda synjaði viðtöku, að hann væri reiðubúinn til að greiða meðlag þetta, þegar gerðarbeiðanda hentaði að taka við því.

Þegar litið er á háttsemi umboðsmanns gerðarbeiðanda gagnvart greiðslutilraunum gerðarþola, virðist ekki, með hliðsjón af síðustu mgr. 7. gr. laga nr. 29/1885, vera efni til að leyfa lögtak til tryggingar ofangreindu janúarmeðlagi.

Eins og lýst er hér að framan, innti gerðarþoli ekki af höndum meðlagsgreiðslu fyrir október sl. fyrr en í lok þess mánaðar og meðlag fyrir nóvember ekki fyrr en í byrjun desember. Um vanskil á meðlagsgreiðslu fyrir desembermánuð virðist hins vegar naumast vera að ræða, né heldur sýnist greiðsludráttur sá, sem orðið hefur á greiðslu janúarmeðlagsins, verða talinn gerðarþola vítaverður, þar sem hann virðist hafa haft ástæðu til að ætla, að umboðsmaður gerðarbeiðanda hefði ekkert við greiðsluaðferð hans að athuga vegna viðtöku hans á undanfarandi greiðslum. Krafa umboðsmanns

gerðarbeiðanda um lögtak til tryggingar innheimtulaunum sér til handa virðist vera reist á vanskilum þeim, sem nú var lýst, og ber því að athuga, hvort eða að hve miklu leyti hún hefur við rök að styðjast.

Í lögum nr. 29/1885, 6. gr., er þeim, sem framfærslueyri á að heimta samkv. yfirvaldsúrskurði, veittur réttur til þess að snúa sér beint til fógeta með slíkar kröfur, og er fógeta skylt að annast innheimtuna án frekari atbeina lögtaksbeiðanda, og í 7. gr. sömu laga segir, að lögtakið nái auk aðalkröfunnar til alls kostnaðar, sem leiði af gerðinni, geymslu og sölu hinna lögteknunna.

Eftir orðanna hljóðan virðast ákvæði 7. gr. ekki eiga við annan kostnað en þann, sem leiðir óhjákvæmilega af lögtaki fyrir slíkum kröfum, og með hliðsjón af því, sem segir í 6. gr., verða innheimtulaun til málflutningsmanns ekki talin þar með.

Samkv. þessu er ekki unnt að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina, að því er varðar áðurgreindar kr. 375,00.

Það leiðir af því, sem að framan er rakið, að ekki verður litið svo á, að gerðarbeiðandi hafi átt nokkra þá kröfu á gerðarþola, er gæfi tilefni til lögtaksúrskurðar eða birtingar hans, þegar umboðsmaður hans lét birta gerðarþola úrskurðinn 11. des. sl., og með tilliti til þess, að greiðsla á janúarmeðlaginu var umboðsmanninum til reiðu, áður en hann lét birta lögtaksúrskurðinn 8. jan. sl., þykir ekki vera ástæða til að leyfa lögtak til tryggingar á kostnaði þeim, er á hefur fallið vegna birtinga þessara. Vanskil gerðarþola á meðlagsgreiðslunni fyrir októbermánuð sl. valda því hins vegar, að honum ber að greiða kostnað vegna birtingar úrskurðarins 24. október, og ber að leyfa lögtak til tryggingar honum.

Niðurstaða málsins verður því sú, að lögtak skal fara fram til tryggingar kr. 28,00. Þá þykir rétt, að lögtakið nái enn fremur til þóknunar umboðsmanns gerðarbeiðanda vegna fyrirhafnar hans við mál þetta, og telst hún eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 300,00.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda til tryggingar kr. 328,00.